

Hafnarfirði 23.03.2022.

Minnisblað Skipulagsfulltrúa.

Með bréfi dags. 16.03.2022 svarar Skipulagsstofnun erindi Hafnarfjarðar um afgreiðslu deiliskipulags í samræmi við 42. gr. skipulagslaga. Skipulagsstofnun telur vissa form- og efnisgalla vera á tillögunni. Með vísan til heimilidar sem er að finna í 42. gr. Skipulagsalaga en þar segir: *“ Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar um efni deili-skipulags skal hún gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess.”* Eftirfarandi rök eru sett fram.

Hugtakið þynningarsvæði hefur verið felt niður samanber útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna RioTinto í Straumsvík.

Með úrskurði ÚUA frá 30.03.2021 (<https://uua.is/urleitavid/thynningarsvaedi/>) liggur fyrir að Umhverfisráðuneytið gerir ekki lengur ráð fyrir hugtakinu þynningarsvæði samaber eftirfarandi:

Umhverfisráðuneytið hafi svarað erindinu hinn 3. mars 2020 og því bréfi fylgt afrit af bréfi ráðuneytisins til Umhverfisstofnunar, dags. 10. júlí 2019. Segi í bréfi ráðuneytisins til lögmanns kæranda að tilskipun 2010/75/ESB geri ekki ráð fyrir þynningarsvæðum. Tilskipunin hafi verið leidd í lög með lögum nr. 66/2017, um breytingu á lögum nr. 7/1998, og með setningu reglugerðar nr. 550/2018. Í bréfi ráðuneytisins til Umhverfisstofnunar 10. júlí 2019 hafi komið fram að mörkuð hefði verið sú stefna að hafa ekki þynningarsvæði, m.a. vegna náttúruverndarsjónarmiða og til verndar hagsmunum íbúa og annarra sem hagsmuna hefðu að gæta í nágrenni við stóriðju. Ráðuneytið hafi beint þeim tilmælum til eftirlitsaðila að ekki yrðu sett fleiri þynningarsvæði heldur yrði mengandi losun utan lóðarmarka óheimil. Sama eigi við um starfsemi sem sæki um nýtt starfsleyfi. Þá segi að fyrirhugað sé að fella úr gildi ákvæði í reglugerðum um þynningarsvæði þar sem þau séu enn tilgreind.

Um tilgang tilskipunarinnar, og þar með laga nr. 66/2017, segi m.a. í greinargerð með lagafrumvarpinu: „Markmið tilskipunar 2010/75/ESB er að koma í veg fyrir og takmarka mengun frá tiltekinni starfsemi, svo sem með því að setja losunarmörk fyrir tiltekin efni. Sem dæm um starfsemi sem fellur undir tilskipunina eru stór málmíðnaður, álver, járnblendir, kísilver og þess háttar, stórir urðunarstaðir, stór sláturhús og svokallað þauleldi. Lagt er til að tilskipunin verði innleidd í heild sinni þó svo að tiltekin starfsemi sem tilskipunin tekur til sé ekki hér á landi, svo sem titandíoxíðiðnaður og stór brennsluver. Þannig er tekinn af allur vafi um það hvaða kröfur gildi um slíkan iðnað verði hann hér á landi síðar meir.“

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 08.12.2021 að breyta aðalskipulagi vegna þynningarsvæðis í Hellnahrauni. Sú aðalskipulagsbreyting er í vinnslu og er fullur samhljómur milli þeirrar aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags Hellnahrauns 3. Með vísan í framgreint verður ekki séð að næjanleg rök séu fyrir því að auglýsa deiliskipulagstillöguna á ný eða samhliða breytingu á aðalskipulagi vegna þynningarsvæða.

Í bréfi skipulagsstofnunar kemur einnig eftirfarandi fram:

Þá bendir stofnunin á eftirfarandi atriði:

- Vísu þarf í réttan uppdrátt aðalskipulags m.s.br.
 - Afla þarf umsagnar Umhverfisstofnunar, en með breytingunni eru byggingarreitir stækkaðir út í lóðarmörk í nær öllum tilvikum og þá er nútímahrauni raskað með afmörkun nýrrar lóðar við Straumhelli 15 og Tunguhelli 17.
 - Stofnunin bendir á að æskilegt getur verið að setja e.k. takmörkun á sameiningu lóða eða fjölda sem heimilaðar er að sameina til að tryggja uppbyggingu byggingamassa á svæðinu.
-
- Fram kemur í kafla 2.3 að sýnd sé óbundin byggingalína. Ekki er að sjá að hún sé til staðar á uppdrætti eða í skýringum.
 - Bent er að síðan í júlí 2020 hafa verið gerðar breytingar á deiliskipulaginu, við Dofrahelli 9 og 11, auk sex óverulegra breytinga. Sýna þarf gildandi deiliskipulag með síðari breytingum.

Tilvísun í réttan uppdrátt aðalskipulags hefur verið gerð.

Í gildi er deiliskipulag fyrir vestari hluta Hellnahrauns 3. áfanga frá 2007. Breyting var gerð á deiliskipulagi eystri hluta þess deiliskipulags og öðlaðist það gildi árla **árs 2021**. Sú deiliskipulagsbreyting sem hér er til umfjöllunar nær til vestari hluta svæðisins. Við afgreiðslu á deiliskipulagi eystri hluta svæðisins lá fyrir umsögn Umhverfisstofnunar samanber bréf hennar dags. 02.06.2020. Ekki er gerð nein sú efnislega breyting á deiliskipulagi vestari hluta svæðisins umfram það, að merking þynningarsvæðis er tekin burt, sem breytir ekki umsögn umhverfisstofnunar frá 02.06.2020 og heimfæra má á svæðið í heild sinni. Rökstuðningur skipulagssviðs Hafnarfjarðar fyrir fjölgun lóða o.fl. á deiliskipulagsvæðinu var sendur skipulagsstofnun með bréfi dags. 10.06.2020.

Sameinig lóða er heimild til handa lóðarhafa/fyrirtækis til að uppbygging og nýting lóðar/lands taki mið af þörfum þess frekar en sjónarmiðum um byggingarlínu og þess háttar. Að mati skipulafsulltrúa Hafnarfjarðar eru fyrirtæki í iðnaði og annari athafnastarfsemi af fjölbreyttum toga og því rétt að starfsemi þeirra ráði för um staðsetningu mannvirkja og fyrirkomulag innan lóðar. Sú skoðun vegur þyngra en sjónarmið um byggingarlínur og byggingarmassa.

Atriði varðandi óbrotna línu í kafla 2.3 hefur verið samræmt uppdrætti.

Breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulagi Hellanahrauns 3 og varða lóðarmörk hafa verið færð inn á uppdrátt.

Síðar segir í bréfi skipulagsstofnunar:



HAFNARFJÖRÐUR

Í upphaflegu deiliskipulagi fyrir svæðið var lagt upp með að halda í umhverfisgæði og settir skýrir skilmálar um mótun byggðar á svæðinu. Stofnunin telur að með þeirri breytingu sem nú er gerð, sem felur í sér breytingar á almennumskilmálum deiliskipulagsins, afmörkun byggingareita og lóða, hækkun mannvirkja og aukningu á byggingarmagni, sé dregið úr metnaðarfullum áformum um skipulag iðnaðar- og athafnasvæðis. Í breytingunni eru m.a. felld út skipulagsákvæði um bundnar byggingalínur og markvissa afmörkun byggingareita innan einstakra lóða. Stofnunin hvetur sveitarfélagið til þess að endurskoða ofangreind atriði fyrir endurauglýsingu tillögunnar.

Þetta niðurlag bréfsins ber vott um skort á þekkingu og þróun iðnaðar- og atvinnusvæða á undanförunum áratugum. Hvergi er slegið af kröfum um umhverfisgæði. Aftur á móti er það haft að leiðarljósi að fyrirtæki og rekstraraðilar geti mætt þörfum reksturs og uppbyggingar betur en verið hefur. Takamarkanir eru ekki í bindandi byggingarlínunum eða byggingarreitum. Uppbygging og flutningur fyrirtækja er kostnaðarsamt ferli. Í forsendum deiliskipulags sem veitir heimild til sameiningar lóða, og stærri byggingarreita felst meiri möguleiki á langtímasýn fyrirtækjum til handa varðandi uppbyggingu og þróun lands. Í því felst metnaðarfull framtíðarsýn sveitarfélagsins fyrirtækjum til handa. Engin ástæða er til þess að endurskoða þessi sjónarmið.

Framangreint er rökstudd grein fyrir birtingu gildistöku deiliskipulags.

ÞS